

136

10. nóv. **Brjef landshöfðingja til biskups um hluttöku safnaðanna í veitingu Skarðs-
pingaprestakalls.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 3. p. m. hafi þjer, herra biskup, sent mjer umsóknarbrjef hins eina umsækjanda um Skarðspingaprestakall, sjera Guðlaugs Guðmundssonar, setts prests að Staðarhrauni, ásamt brjefi prófastsins í Dalaprófastsdæmi til safnaðarfulltrúans í Skarðssókn, og svari nefnds safnaðarfulltrúa til prófasts, þar sem hann tjáist hafa leitað álits kjósenda í sókninni, og segir að þeir óski að brauðið verði veitt umsækjanda. Frá hinni sókninni í prestakallinu, Dagverðarnessókn eru alls engin skeyti komin, og ekkert skilríki, er sýni, að tillögu þess safnaðar hafi verið leitað á nokkurn hátt; þjer getið þess að eins í brjefi yðar, að umsóknarbrjefið hafi legið kjósendum til sýnis fram yfir hinn lögskipaða tíma, og af því tjáið þjer mega ætla, að söfnuðurinn hafi ekkert á móti því, að fá umsækjandann fyrir prest sinn, þar sem hann hafi ekki hirt um að neyta kosningarrjettar síns, nje hafið mótmæli gegn umsækjanda, og hafið þjer því lagt það til, að umsækjandanum verði veitt ofanumgetið prestakall.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð það er hjer segir. Eins og yður er kunnugt er svo fyrirskipað í 10. gr. laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða, 8. jan. 1886, að þegar aðeins einn umsækjandi um prestakall hefur gefið sig fram, skuli *eptir kosningarreglum nýnefndra laga* leita tillögu safnaðarins eða safnaðanna um þá þrjá kosti, sem þar eru nefndir, en í 3. gr. laganna er sú kosningarregla, að ef *sóknarnefndin* eða *sóknarnefndirnar* láti eigi prófast vita, áður en 2 vikur eru liðnar frá löglegri framlagning umsóknarbrjefanna, að söfnuðurinn ætli sjer *ekki* að nota kosningarrjett sinn, in casu rjettinn samkvæmt 10. gr. til þess að velja um, hvort brauðið skuli veitt hinum eina umsækjanda eða prestspjónusta falin nágrannapresti, verði því við komið, eða prestur settur til bráðabyrgða, geti hann fengizt, þá skuli prófastur stofna til almenns fundar fyrir prestakallið o. s. frv.

Af þessu leiðir fyrst það, að þögn safnaðanna fram yfir hinn lögskipaða tíma, sem umsóknarbrjef eiga að liggja til sýnis, getur ekki skilizt sem neinskonar samþykki eða rjettarafsal, með því að skýlaus yfirlýsing er skilyrði fyrir því, að prófastur megi sleppa því að stofna til fundar á löglegan hátt, og í öðru lagi sjest það, að lögin heimta að slíkar yfirlýsingar sjeu komnar frá *sóknarnefndinni* eða *sóknarnefndunum* (ekki safnaðarfulltrúa eða safnaðarfulltrúum) til þess að þær geti tekizt gildar.

Því fer þannig mjög fjarri, að mál þetta hafi fengið þann undirbúning, sem nauðsynlegur er og lög heimta, þar sem að eins liggur fyrir skýrsla safnaðarfulltrúans úr annari sókninni, en ekkert úr hinni, og hefði prófasti borið að stofna til fundar fyrir allt prestakallið þegar er umsóknarbrjefið hafði legið frami lögákveðinn tíma, án þess skýlausar yfirlýsingar kæmu frá rjettum hlutaðeigendum.

Jafnframt því hjermeð að endursenda umsóknarbrjef sjera Guðlaugs Guðmundssonar, skal jeg þessvegna þjónustusamlega skora á yður, herra biskup, að láta tafarlaust leita tillögu safnaðanna í Skarðspingaprestakalli á löglegan hátt um veitingu brauðsins, en það er vitaskuld að fund þarf eigi að halda, ef skýlausar yfirlýsingar koma frá báðum hlutaðeigendisóknarnefndum um, að söfnuðirnir ætli sjer ekki að nota kosningarrjett sinn.